

Ed.

158. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

1. málsg. 16. gr. laganna orðist svo:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. september ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangaveiði til 10. september.

2. gr.

2. málsg. 20. gr. laganna orðist svo:

Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsg., þarf veiðiskirteini. Ráðherra gefur út veiðiskirteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skirteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skirteini um veiði til klaks heimilar eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda og fiskræktarfélaga, ef til eru. Binda má leyfið því skilyrði, að hæfilegri tölu seiða sé sleppt í vatn það, sem veitt er í.

3. gr.

Fyrir „4,5 cm.“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

4. gr.

Fyrir „4,5 cm.“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

5. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

3. Nú hagar svo til, að styttra verður milli laga tveggja veiðieigenda en svo, að leyfilegt sé samkv. 2. málsg., og vill hvorugur vikja. Skal þá mat skera úr ágreiningnum.

6. gr.

Á eftir 84. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 85. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því:

1. Nú hefir einhver sá, sem veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirhafa honum að nota þá veiðiaðferð, er hann mátti áður einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati (sbr. 83. gr.).

2. Skaðabætur þær, er hér um getur, skal greiða úr ríkissjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.